

LEIKHÚS
KVIKMYNDIR
TÓNLIST
SKEMMTANIR

Líf & fjör



umsjón

Valdis Viðars



umsjón

Lóa Aldísardóttir

Myndlist og skipulag


Þrjár sýningar verða opnaðar á Kjarvalsstöðum á morgun, tvær á málverkum og ein í byggingarlist.

Hafsteinn Austmann sýnir verk í austursalnum sem hann hefur unnið að síðustu 15 ár, flest eru frá þessum áratug. Þar er um að ræða bæði olíumálverk og vatnslitamyndir. Eiríkur Þorláksson, forstöðumaður Kjarvalsstaða segir myndir Hafsteins á sýningunni bera þess vott að hann hafi hvergi slakað á kröfum sínum til listsköpunar. „Hann hefur frá upphafi verið boðberi hins óhlutbundna myndmáls í íslenski myndlist og er trúr þeirri stefnu sinni. Hafsteinn hefur þróað sitt myndmál í gegn um tíðina þannig að ljóðræn meðhöndlun litbrigða skapar honum sérstöðu og þau einkenni eru sterk á sýningunni.“


Málar íslenska hraunið

Norski listamaðurinn Patrick Huse er með sýningu í vestursal Kjarvalsstaða, sem hann

kallar Rifa. Hann hefur sótt mikið til Íslands í listsköpun sinni og einkum í óblíða náttúru. Íslenska hraunið er honum sérstakt yrkisefni. Eiríkur forstöðumaður lýsir sýningunni nánar: „Rifa birtir okkur myndir sem eru bæði heillandi og fráhrindandi. Myndirnar eru stórar og dimmar og sýna okkur landið rífið og tætt af eldgosum og ótrúlegum mulningi meginlands-flekanna. Patrick gerir nefnilega ekki nokkra tilraun til að fegra landið eða sveipa það einhverjum töfraljóma og hraunið hans er mjög ólíkt því sem meistari Kjarval sýndi okkur í sínum myndum. Samt er það geysilega magnað því það sýnir okkur hið villta og óviðráðanlega í eðli landsins.“




Patrick Huse malar myndir úr óblíðri náttúru Íslands.



Hafsteinn Austmann listmálar er þekktur fyrir óhefta tjáningu myndmálsins.

Borgarhluti verður til

Þriðja sýningin er helguð þeim „úthverfum“ Reykjavíkur sem spruttu upp á 5. og 6. áratugnum, Vogum, Langholti, Laugarási og Laugarnesi. „Hugmyndin er einfaldlega sú að setja upp sýningu með öðrum áherslum en áður hefur verið gert,“ segir Eiríkur Þorláksson. Það gengu í gegn um þessi hverfi ýmsar skipulagshugmyndir. Það stóð t.d. ekki alltaf til að samgönguæðar yrðu eins og þær eru í dag. Það getur verið fróðlegt fyrir þá sem eru að horfa á Laugardalinn að sjá hvaða hugmyndir menn gerðu sér í



Ein mynda Patrick Huse á sýningunni.


eina tíð og þarna er margt mjög forvitnilegt fyrir áhugamenn um skipulag.

Í þessu samhengi verða líka kynntir ýmsir gullmolar í arkitektúr á þessu svæði sem menn vita kannski ekki af en eru samt sem áður merkileg í okkar byggingarsögu.“

UM HELGINA

Þorvaldur á Sjóþvingi

Listamaðurinn fjölhæfi Þorvaldur Þorsteinsson (myndlistarmaður og rithöfundur) verður spurður spjörnum úr á Sjóþvinginu í Gerðubergi á morgun kl. 13.30. Þorvaldur nam myndlist á Akureyri, í Reykjavík og Hollandi þar sem hann lauk prófi 1989. Síðan hefur hann haldið á þriðja tug einkasýninga, tekið þátt í fjölda samsýninga, samið fjölmörg leikrit og þætti fyrir sjónvarp og útvarp, skrifað hátt í tug sviðsverka og nokkrar bækur. Er þetta daggóður afrakstur á ekki lengri tíma. Sigmundur Ernir Rúnarsson stjórnar Sjóþvinginu á morgun en spyrjar verða Þórhildur Þorleifsdóttir og Jón Proppé. Á sama tíma verður opnuð sýning á verkum eftir Þorvald í Gerðubergi og stendur hún til 17. október en sýningin í Galleríi Sævars Karls stendur til 24. september. Aðgangur að sýningunni er ókeypis en á Sjóþvingið kostar 500 kr.



Þorvaldur Þorsteinsson.

Mín aðferð til að vera sýnileg

Anna Richardsdóttir dansari hefur þrifið í göngugötunni á Akureyri á hverjum föstudegi í heilt ár. Með þremur undantekningum þó, en þá var hún erlendis. Hún dansar þar í síðasta skiptið í dag klukkan 16.30.



„Þessi dansröð gengur útá að ég þrifi þar sem ég er stödd á föstudegi klukkan fimm. Í dag ætla ég að hafa þetta með sérstöku sniði,“ segir Anna Richardsdóttir spunadansari.

„Í tilefni af því að þetta er í síðasta skiptið sem ég þrifi göngugötuna ætla ég að bjóða öllum þeim sem áhuga hafa, körlum jafnt sem konum að koma og aðstoða mig. Fólk á ekkert að vera feimið að koma með uppáhalds þrífahaldið sitt með sér. Tusku í vasanum eða sóp undir hendinni. Allir sem vilja geta verið með. Konan í Brekkunni sem hefur alltaf mætt

til þess að horfa á mig getur komið og þurrkað burtu ryk með mér,“ segir Anna. Í göngugötunni verður tónlist-

arfólk sem spilar undir spunadansinn. Anna segir að hver sem er geti mætt með hljóðfæri með sér og tekið þátt, þar sem að þetta sé spuni. Hún segir að alltaf hafi talsvert af fólki mætt til þess að horfa á sig spinna. „Það er einhver tjáning í þessu, einhver kraftur sem skilar sér til fólksins. Mér finnst mikilvægt að fólk hafi mismunandi skoðun á þessu. Það er rætt um þetta. Mér fannst markmiðið með dansinum nást alveg fullkomið.“

Hreingerningar ganga nærri mér

„Ég vildi ná til þeirra sem ekki fara á auglýstar sýningar. Það er einhver elíta eða listagengi sem fer að sjá allt. Ég vildi dansa fyrir alla hina sem geta valið úti á götu hvort þeir sjá þetta eða ekki. Það er einhver pólitík eða heimspeki í þessu. Það er eitt-hvað kvenlægt við þetta. Þetta er skúringakona en hrein-

gerningar hverju nafni sem þær nefnast ganga mjög nærri mér persónulega. Ég fer oftast úr sloppnum og það er tákn um það hversu nærri mér þetta gengur. Ég er komin inn að húð en væri komin inn að kjöti ef ég gæti. Þannig fer ég oft að einhverjum mörkum. Þetta er leikur að frelsi og mörkum, hvenær fer ég yfir þessi mörk.“

Anna er menntuð í spunadansi frá Þýskalandi og hefur kennt spunadans í grunnskólum, menntaskólum, háskólum og víðar. Hún hefur þrifið í nokkrum borgum Evrópu og segir að ekki veiti af að gera meira af því. Hún var í Reykjavík á menningarnótt höfuðborgarinnar og segir alveg vera þörf á því að hún fari aftur suður og þrifi. „Þetta er minn miðill til þess að tjá mig. Það er mikilvægt fyrir listakonu að vera sýnileg. Það þýðir ekkert að vera listakona og paufast svo eitthvað inni einhverju stúdíói og sýna einu sinni á ári. Stundum langar mig til þess að vera meira sýnileg en þetta er mín leið til þess.“

-PJESTA